



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

LÖGREGLAN
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
LÖGREGLUSTÖÐ 4

SKILAGREIN

DESEMBER 2014

EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	1
1 UPPHAF VERKEFNIS	1
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN	1
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	1
4 LEIGUSAMNINGUR	2
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI	2
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT	2
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	2
8 VERKLOK	2
9 STAÐFESTING SKILAGREINAR	2

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leiguhúsnæði.

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustöð 4, var unnið að beiðni fjármálaráðuneytisins og barst FSR í maí 2012.

Verkefnið fólst í að finna húsnæði fyrir lögreglustöð 4, en húsnæðið sem stöðin var í, var bráðabirgðahúsnæði hjá Lögregluskólanum að Krókhálsi 5 og hentaði ekki starfsemi stöðvarinnar.

Þjónustuvæði lögreglustöðvar 4 er svæðið austan Elliðaár þ.e. Árbær, Grafarvogur, Grafarholt, Mosfellsbær og nálægar sveitir.

Verkefni FSR fólst í að gera húsrýmisáætlun, húslýsingu, auglýsa eftir húsnæði, gerð leigusamningsins og hafa eftirlit með framkvæmdum við húsnæðið í samræmi við kröfur í húslýsingu.

Verkefnisstjóri FSR á var Róbert Jónsson.



Mynd 1: Lögreglustöð 4, Vínlandsleið

2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

Húsrýmisáætlun og húslýsing sem voru lagðar fram í maí 2012. Húsrýmisþörf stöðvarinnar var áætluð um 700 fermetrar og var um að ræða hefðbundið skrifstofuhúsnæði með sértækum rýmum s.s. varðstofu, rými fyrir handtekna menn, bílageymslu o.fl.

Miðað var við að staðsetning stöðvarinnar væri austan Höfðabakka, sunnan Lágafells í Mosfellsbæ og norðan Norðlingaholts. Einnig var gerð krafa um staðsetningu sem næst Suðurlands- og Vesturlandsvegi ásamt góðu aðgengi og nægum bílastæðum.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Húslýsing fyrir húsnæðið var tilbúin í júní 2012 og í framhaldinu auglýsti Ríkiskaup eftir húsnæði fyrir stofnunina.

Leigutilboð voru opnuð í júlí 2012, og bárust alls 14 tilboð. FSR yfirfór tilboðin og var lægsta tilboðið frá Vínlandsleið ehf. Húsnæðið var skoðað af fulltrúum FSR og lögreglunnar, ásamt tveimur öðrum húsum, sem höfðu verið boðin til leigu.



Mynd 2: Kaffiástaða starfsmanna

Í febrúar 2013 samþykkti fjármálaráðuneytið að ganga til samninga við Vínlandsleið ehf., í Reykjavík, um leigu á hluta af húsnæðinu við Vínlandsleið 2-4 í Reykjavík. Um er að ræða hluta af 2. hæð hússins.

4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamningsins í samvinnu við starfsmenn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Vínlandsleið ehf.

Fjármálaráðuneytið hafði umsjón með gerð samningsins.

Samningurinn er á milli lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Vínlandsleiðar ehf.

Í febrúar 2013 var samingur undirritaður og staðfestur af innanríkisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Samningurinn gildir til 25 ára með möguleika á framleigu um allt að 1 ár í senn að leigutíma loknum.

Hinn leigði eignarhluti er alls 730,5 fermetrar að stærð.

Í samningi var gert ráð fyrir að afhending húsnæðis yrði 15. apríl 2013.

5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI

Til að annast samskipti milli leigusala og leigjanda, á framkvæmdatíma, voru tilnefndir Bergþór Jónsson f.h. leigusala og fyrir hönd leigjanda, Róbert Jónsson, verkefnastjóri FSR.

Haldnir voru alls átta fundir á framkvæmdatímabilinu, þar af einn ræsifundur, fimm hönnunarfundir, tveir rýnifundir og þrjú verkfundir þ.a. einn lokaúttektarfundur.

6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Hönnuður á húsnæðinu var ASK arkitektar, Geirsgötu 9 í Reykjavík.

Eftirlit með framkvæmdum, fyrir hönd leigusala annaðist Bergþór Jónsson og fyrir hönd leigjanda annaðist eftirlit Róbert Jónsson, FSR.

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Nokkrar breytingar þurfti að gera á húsnæðinu til að uppfylla þarfir lögreglunnar. Meðal annars þurfti að rífa vegg og setja upp nýja til að koma starfsemi fyrir.

Komið var fyrir varðstofu, rými fyrir handtekna menn, bílageymslu, sturtu- og búningsherbergi, matsal/setustofu o.fl. Gólfefni var endurnýjað að hluta og lagfært og allt húsnæðið var málað.



Mynd 3: Bílageymsla

8 VERKLOK

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tók við húsnæðinu um miðjan apríl 2013.

9 STAÐFESTING SKILAGREINAR

Undirrituð staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri